

Frábæra athafnakona,

ég heiti Ragnheiður Aradóttir og er stofnandi og eigandi viðburðafyrirtækisins PROevents og þjálfunarfyrirtækisins PROcoaching. Ég er athafnakona á besta aldri í blóma lífsins. Ég er gift Jóni Þórðarsyni meðeiganda mínum í PROevents og saman eigum við þrjú dásamleg börn á aldrinum 12 – 21 og einn lítinn óþekkan hund. Það að vera í sjálfstæðum rekstri og að geta verið hluti af öflugum og faglegum félagsskap eins og FKA, er mér mjög dýrmætt. Hefur þessi félagsskapur gefið mér mikið bæði í ánægju, fróðleik, tengslum, vinskap og viðskiptum þau 6-7 ár sem ég hef verið FKA kona. Þess vegna tel ég tímabært að ég bjóði fram krafta mína og leggi hönd á plóg. Ég býð mig því fram í stjórn félagsins með það að markmiði að nýta þekkingu mína og krafta til að vinna áfram það frábæra starf sem hefur verið unnið af öflugum athafnakonum FKA til þessa.



Aðeins meira um mig.

- Ég stundaði nám erlendis í 5 ár og bjó þá í Noregi, Frakklandi og Bretlandi. Ég er með BBA gráðu (Bachelor of Business Administration) í Ferðamála- og hótélstjórnun.
- Ég stundaði Meistaránám í Mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.
- Ég er PCC vottaður stjórnendamarkþjálfari frá Opna Háskólanum.
- Ég hef yfir 27 ára reynslu úr viðskiptalífínu sem stjórnendabjálfi, ráðgjafi, stjórnendamarkþjálfari, atvinnurekandi, viðskiptastjóri, verkefnastjóri og sölu- og markaðsstjóri.
- Ég starfaði við ferðapjónustuna í 13 ár og í 10 ár sem þjálfari hjá Dale Carnegie sem er alþjóðlegt þjálfunarfyrirtæki starfrækt á yfir 150 stöðum í heiminum með yfir 2700 þjálfara. Ég þjálfaði yfir 5.000 manns á öllum stigum innan fjölda fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Mér hlotnaðist sá heiður að fá hæstu einkunn sem nýr þjálfari í heiminum á mínu fyrsta ári og svo þrisvar sinnum hæstu einkunn sem þjálfari á EMEA svæðinu. (einkunnin er byggð á endurgjöf þátttakenda á námskeiðum hjá mér).
- Ég var formaður Félags Markþjálfara á Íslandi s.l. 2 ár og sat þar í stjórn í samtals 4 ár. Ég var í stofnhópi og síðar stjórn ICF Chapter á Íslandi sem eru alþjóðleg fagsamtök um markþjálfun. Ásamt því hef ég setið í stjórnnum annarra félagasamtaka og fagráða og gegnt formennsku og sit í stjórnnum eigin fyrirtækja. Einnig er ég í ritstjórn Ferðapressunnar.is sem beitir sér fyrir faglegri og fræðilegri umræðu um Ferðapjónustu á Íslandi.
- Ég hef nýlega lokið hinu hagnýta námi “Ábyrgð og árangur stjórnarmanna” frá Opna Háskólanum.
- S.l. 4 ár höfum við hjónin rekið fyrirtæki okkar PROevents sem er alhliða viðburðafyrirtæki sem þjónustar fyrirtæki bæði hérlendis og erlendis. Við erum stolt af því að á meðal viðskiptavina okkar eru mörg af öflugustu fyrirtækjum og stofnunum landsins.
- Síðan 2013 hef ég rekið PROcoaching þar sem ég býð ásamt stjórnunarmarkþjálfun uppá hóp- og liðsheildarmarkþjálfun ásamt námskeiðum, fyrirlestrum og ráðgjöf. Ég vinn þar einnig með mörgum af öflugustu fyrirtækjum og stofnunum landsins og hef þjálfað nokkur þúsund manns. Ég á að baki um 1700 tíma í stjórnendamarkþjálfun.

Ég er forvitin í eðli mínu og hef mikla ævintýraþrá og þvældist mikið um heiminn á námsárunum og kynntist þá m.a. ólíkum aðstæðum kvenna. Ég er mikil félagsvera og nýt mín vel í góðum félagsskap. Við fjölskyldan njótum þess að upplifa náttúru og menningu hér heima og erlendis og við elskum að fara ótroðnar slóðir.

Afhverju ættir þú að kjósa mig í stjórn?

Vegna þess að ég er jákvæð, kjörkuð og ég framkvæmi. Ég vil byggja á því góða starfi sem hefur verið unnið hingað til og efla FKA í formi þess að vegur kvenna í íslensku atvinnulífi eflist enn frekar. Ég vil beita mér fyrir því að efla tengsl á aðþjóða vísu og geta þannig haft áhrif á heimsmyndina hvað varðar hlutverk kvenna í atvinnulífínu. Eitt af því sem drífur mig áfram er að sjá fólk vaxa og dafna. Mitt mottó í lífinu er nefnilega að við stjórnnum viðhorfi okkar sjálf og getum því alltaf skapað okkur vinningsaðstæður ☺

Kærleikskveðja til þín,
Ragnheiður